



Matís ohf.

Ársreikningur 2012

Matís ohf.
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík
Kt. 670906-0190



Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	6-7
Áritun endurskoðanda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9-12



Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Félagið var stofnað á árinu 2006 á grundvelli laga nr. 68 frá árinu 2006 og heyrði undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, nú Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Í hlutafélaginu sameinuðust þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum og þróun í matvælaíðnaði. Þetta voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar. Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaíðnaði, líftækni og matvælaöryggi. Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði, sem og íslenska ríkinu. Matís kemur að þróun á nýjum vörum og ferlum fyrir fyrirtæki og hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði og öryggi matvæla.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2012 að fjárhæð 6,13 milljónir kr. samkvæmt rekstrarreikningi eftir frádrátt skatta. Þann 31. desember 2012 námu heildareignir félagsins 826,7 milljónum kr. og bókfært eigið fé nam 247,0 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2013 vegna ársins 2012, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutfé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkisins.

Stjórn Matís ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. júlí 2013

Stjórn:

Stjórnir Matís ohf.
Halldóra L. Þorvaldsdóttir
Agúsla Guðmundsdóttir
Ómar Guðmundsson

Forstjóri:

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja og innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Matís ohf. á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, júlí 2013

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Karlotta B. Aðalsteinsdóttir,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2012

Rekstrartekjur:

	Skýr.	2012	2011
Seld þjónusta		1.387.925.900	1.245.898.946

Rekstrargjöld:

Laun og tengd gjöld	1	791.705.600	698.240.953
Annar rekstrarkostnaður		550.249.977	498.282.937
Afskriftir	6	49.273.940	47.540.781
		<u>1.391.229.517</u>	<u>1.244.064.671</u>

Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) (3.303.617) 1.834.275

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) 2 11.308.204 6.778.660

Rekstrarhagnaður fyrir tekjuskatt 8.004.587 8.612.935

Tekjuskattur (1.870.186) (2.937.644)

Rekstrarhagnaður ársins 6.134.401 5.675.291

EBITDA 45.970.323 49.375.056

Hagnaðarhlutur:

Hagnaður á hverja krónu hlutafjár 3 0,04 0,04

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður		14.161.773	20.414.628
Einkaleyfi		135.045	260.868
	4	<u>14.296.818</u>	<u>20.675.496</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Rannsóknartæki		95.776.315	108.887.906
Áhöld og tæki		4.338.759	5.851.955
Innréttingar		3.829.407	4.385.011
	5	<u>103.944.481</u>	<u>119.124.872</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í dótturfélögum		650.000	500.000
Eignarhlutir í öðrum félögum		657.237	9.960.000
Skuldabréfaeign		7.000.000	0
		<u>8.307.237</u>	<u>10.460.000</u>
Fastafjármunir		<u>126.548.536</u>	<u>150.260.368</u>
Veltufjármunir:			
Vörslusjóður vegna verkefna		176.558.760	32.983.602
Viðskiptakröfur	7	282.691.966	291.317.967
Fyrirframgreiddur kostnaður		2.015.939	1.010.015
Aðrar skammtímakröfur		5.689.043	0
Handbært fé		233.207.814	219.179.992
Veltufjármunir		<u>700.163.522</u>	<u>544.491.576</u>
Eignir samtals		<u>826.712.057</u>	<u>694.751.944</u>

31. desember 2012

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Eigið fé:			
Hlutfé		150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur		4.948.160	4.948.160
Óráðstafað eigið fé		92.053.725	84.350.604
Eigið fé samtals	8	<u>247.001.885</u>	<u>239.298.764</u>
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	9	<u>10.717.857</u>	<u>12.534.172</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		64.537.610	75.978.580
Fyrirfram innheimtar tekjur		181.487.324	207.717.511
Vörslusjóður verkefna		176.961.910	34.278.775
Aðrar skammtímaskuldir		146.005.472	124.944.143
		<u>568.992.316</u>	<u>442.919.009</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>579.710.173</u>	<u>455.453.181</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>826.712.057</u></u>	<u><u>694.751.944</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		7.480.744	5.675.291
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	49.273.940	47.540.781
Afskriftareikningur viðskiptakrafna		0	4.000.000
Söluþap eignarhluta í dótturfélögum		4.212.000	0
Áunnið orlof		11.428.137	8.286.772
Lífeyrisskuldbinding		5.600.000	5.180.648
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu		(1.816.315)	1.598.661
Hreint veltufé frá rekstri		<u>76.178.506</u>	<u>72.282.153</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur		8.626.001	(138.328.729)
Vörslusjóður verkefna		(143.575.158)	7.334.631
Aðrar skammtímakröfur		(6.694.967)	206.413
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir		(11.440.970)	20.991.110
Fyrirfram innheimtar tekjur		116.452.948	82.798.493
Aðrar skammtímaskuldir		4.033.193	(16.588.937)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(32.598.953)</u>	<u>(43.587.019)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>43.579.553</u>	<u>28.695.134</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kaupverð varanlegra fastafjármuna		(27.714.871)	(24.778.563)
Skuldabréfaeign, breyting		(7.000.000)	0
Kaupverð eignarhluta í hlutdeildarfélagi		(57.237)	0
Fjárfesting í dótturfélagi		(150.000)	0
Söluverð eignarhluta í hlutafélagi		5.148.000	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(29.774.108)</u>	<u>(24.778.563)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Leiðrétting tekjuskatts fyrra árs		222.375	(804.727)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>222.375</u>	<u>(804.727)</u>
Hækkun á handbæru fé		14.027.820	3.111.844
Handbært fé í ársbyrjun		219.179.991	216.068.146
Handbært fé í lok tímabils		<u>233.207.813</u>	<u>219.179.990</u>
Aðrar upplýsingar:			
Greiddir vextir		(433.331)	
Greiddir skattar		(1.338.983)	
Innborgaðar vaxtatekjur		8.099.893	
Innborgaður gengismuur		3.641.642	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskila-aðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

Erlendir gjaldmiðlar

- b. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

- c. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

Innlausn tekna

- d. Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vórunni verði mögulega skilað.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- e. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknartæki	3 - 5 ár
Áhöld og tæki	3 - 4 ár
Innréttingar	5 ár

Skýringar, frh.:

Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

- f. Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

Vörslusjóður vegna verkefna

- g. Vörslusjóður vegna verkefna er tilkominn vegna verkefnastjórnunar erlendra verkefna. Staðan miðast við eftirstöðvar styrkfjárhæða að teknu tilliti til gengis.

Handbært fé

- h. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

Tekjuskattsskuldbinding

- i. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

Laun og launatengd gjöld

	2012	2011
1. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	634.520.308	556.986.158
Launatengd gjöld	157.185.292	141.254.795
Laun og launatengd gjöld alls:	<u>791.705.600</u>	<u>698.240.953</u>
Starfsmenn (stöðugildi) í lok árs	104	92
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra	23,9 millj.	24,0 millj.

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

2. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Fjármunatekjur	8.099.893	5.685.483
Fjármagnsgjöld	(433.331)	(574.635)
Gengismunur	<u>3.641.642</u>	<u>1.667.813</u>
	<u>11.308.204</u>	<u>6.778.660</u>

Skýringar, frh.:

Hagnaðarhlutur

3. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutfjár á árinu:	2012	2011
Hreinn hagnaður.....	6.134.401	5.675.291
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu.....	150.000.000	150.000.000
Hagnaðarhlutur	0,04	0,04

Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum hugbúnaði og útlögðum kostnaði við að öðlast einkaleyfi.
Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 01.01.	557.218	45.554.513	46.111.731
Keypt á árinu	0	1.267.640	1.267.640
Heildarverð 31.12.	557.218	46.822.153	47.379.371
Afskrifað 01.01.	296.348	25.139.887	25.436.235
Afskrifað á árinu	125.823	7.520.495	7.646.318
Afskrifað 31.12.	422.171	32.660.382	33.082.553
Bókfært verð 31.12.2012	135.047	14.161.771	14.296.818
Afskriftahlutföll	25%	20%	

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 01.01.	317.050.575	7.038.078	21.789.494	345.878.147
Keypt á árinu	24.559.361	912.870	975.000	26.447.231
Heildarverð 31.12.	341.609.936	7.950.948	22.764.494	372.325.378
			0	0
Afskrifað 01.01.	208.162.669	2.653.066	15.937.539	226.753.274
Afskrifað á árinu	37.670.952	1.468.474	2.488.196	41.627.622
Afskrifað 31.12.	245.833.621	4.121.540	18.425.735	268.380.896
			0	0
Bókfært verð 31.12.2012	95.776.315	3.829.408	4.338.759	103.944.482
Afskriftahlutföll	20-30%	20%	20-30%	

Skýringar, frh.:

6. Afskriftir greinast þannig:

Óefnislegar eignir	7.646.318
Varanlegir rekstrarfjármunir	41.627.622
	<u>49.273.940</u>

Fasteígnarmat og vátryggingaverð

Vátryggingarfjárhæð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2012 nam 700.4 m.kr.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur vegna verkefna	213.107.202
Aðrar viðskiptakröfur	69.584.764
	<u>282.691.966</u>

8. Eigið fé

1. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. kr og er það allt í eigu Ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

2. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	150.000.000	4.948.160	85.919.323	240.867.483
Hagnaður ársins			6.134.401	6.134.401
Eigið fé 31.12.2012.	<u>150.000.000</u>	<u>4.948.160</u>	<u>92.053.725</u>	<u>247.001.885</u>

Tekjuskattsskuldbinding

9. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2012	12.534.172
Reiknaður tekjuskattur ársins	1.870.186
Tekjuskattur til greiðslu	(3.686.501)
Leiðrétt skuldbinding í ársbyrjun	
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2012.	<u>10.717.857</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir	8.232.139
Viðskiptakröfur	1.979.764
Frestun skattlagningar á 2/3 hluta gengishagnaðar	505.953
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2012.	<u>10.717.856</u>



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Matís ohf.	3. júlí 2013	13020065
b.t. Sveins Margeirssonar		1.08
forstjóra		KA/mb
Vínlandsleið 12		
113 Reykjavík.		

Meðfylgjandi eru tvö eintök af ársreikningi Matís ohf. fyrir árið 2012 til undirritunar.

Ef engar athugasemdir eru við ársreikninginn óskast bæði eintökin endursend Ríkisendurskoðun að undirritun lokinni.